

## REGLUR

### um köfun í þjóðgarðinum á Þingvöllum (yfirborðs- og djúpköfun).

#### 1. gr.

*Skilyrði fyrir köfun.*

Allir sem hyggjast kafa innan þjóðgarðsins á Þingvöllum verða að tilkynna komu sína til starfsmanns þjóðgarðsins og fá til þess leyfi, áður en kafað er. Leyfi til köfunar er veitt að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Viðkomandi hafi kynnt sér fyrirmæli fyrir kafara við köfun og yfirborðsköfun í þjóðgarðinum á Þingvöllum sem gefin eru út af Siglingastofnun.
2. Viðkomandi hafi undirritað yfirlýsingum að honum sé ljóst að kafað er á eigin ábyrgð.
3. Viðkomandi hafi greitt gestagjald fyrir köfun samkvæmt gildandi gjaldskrá þjóðgarðsins á hverjum tíma.

#### 2. gr.

*Reglur sem köfurum ber að fylgja.*

Þeim sem kafa eða yfirborðskafa í þjóðgarðinum ber að fylgja ákvæðum gildandi laga, reglugerða og reglna um köfun í hvívetna, þ.m.t. ákvæðum laga um köfun nr. 31/1996, ákvæðum reglugerðar um köfun nr. 535/2001 og fyrirmælum Siglingastofnunar nr. 165/2013 vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum, dags. 12. febrúar 2013.

Köfurum ber enn fremur að fylgja ákvæðum annarra laga, reglugerða og reglna sem gilda innan þjóðgarðsins, s.s. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004, reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð nr. 848/2005, laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og almennum umgengnisreglum.

#### 3. gr.

*Viðbrögð við brotum.*

Starfsmenn þjóðgarðsins geta vísað þeim frá köfun, er brjóta gegn reglum þessum og getur þjóðgarðsvörður sett viðkomandi í tímabundið bann við köfun innan þjóðgarðsins ef sakir eru miklar eða endurteknar.

Brot á reglum þessum skulu kærð til löggreglu ef þurfa þykir.

#### 4. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglum þessum varða sektum og fangelsi ef sakir eru miklar, sbr. 9. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

#### 5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar eru samdar og samþykktar af Þingvallaneftnd á grundvelli 3. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sbr. e. lið 6. gr. reglugerðar nr. 848/2005 um þjóðgarðinn á Þingvöllum, verndun hans og meðferð. Reglurnar öðlast gildi við birtingu.

*F.h. Þingvallaneftndar, 1. mars 2013,*

**Áflaheiður Ingadóttir** formaður.